



VSÓ RÁÐGJÖF



## AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR 2020-2035

### BREYTING – ÍÞRÓTTASVÆÐI Á FLÆÐUM Á SAUDÁRKRÓKI

Maí 2023

Lagfærð í ágúst 2023



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b><i>Inngangur</i></b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b><i>Forsendur – gildandi skipulag</i></b>	<b>1</b>
2.1	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 – 2035	1
2.2	Deiliskipulag í gildi	1
<b>3</b>	<b><i>Breyting á aðalskipulagi</i></b>	<b>2</b>
<b>4</b>	<b><i>Umhverfismat</i></b>	<b>4</b>
4.1	Matsskylda	4
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir	4
4.3	Nálgun og áherslur matsvinnu	4
4.3.1	<i>Einkenni og vægi áhrifa</i>	5
4.3.2	<i>Valkostir</i>	5
4.4	Umhverfisáhrif - niðurstöður	5
<b>5</b>	<b><i>Kynning og samráð</i></b>	<b>6</b>
5.1	Samráð	6
5.2	Umsagnaraðilar	7
5.3	Verkferli	7
5.4	Breytingar eftir auglýsingu	7



## 1 Inngangur

Sveitarfélagið Skagafjörður vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 – 2035 sem snýr að íþróttasvæðinu á Flæðum (Íþ-404) þar sem eru hesthús, reiðskemmur og svæði hestaíþróttar. Í tengslum við gerð deiliskipulags svæðisins er ljóst að forsendur um nýtingu svæðisins hafa breyst og að endurskoða þarf ákvæði aðalskipulags um leyfilegt byggingarmagn á svæðinu.

Hér er sett fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi til auglýsingar sbr. 1. mgr. 31. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.


## 2 Forsendur – gildandi skipulag

### 2.1 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 – 2035

Aðalskipulag Skagafjarðar 2020 – 2035 var staðfest 4. apríl 2022. Fyrirhuguð breyting tekur aðeins til íþróttasvæðis Íþ-404, þar sem er gert ráð fyrir uppbyggingu aöstöðu fyrir hestamennsku og hestaíþróttir, sbr. töflu 4.11 í kafla 4.11.3 Íþróttasvæði (Íþ) í greinargerð aðalskipulagsins:

Tafla 4.11 Íþróttasvæði á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m <sup>2</sup> )	Leyfilegt (m <sup>2</sup> )
Íþ-401	Íþróttasvæði Sauðárkróks, Skagfirðingabraut	4,8	n.a.	10.000
Íþ-402	Golfvöllur að Hlíðarenda	64	150	500
Íþ-403	Motocross-svæði	4,8	0	200
Íþ-404	Hesthús, reiðskemma, samkomuhús og skeiðvöllur á Flæðum við Tjarnartjörn	33,4	6.030	10.500
<b>Samtals</b>		<b>107<sup>1</sup></b>	<b>6.180</b>	<b>20.700<sup>1</sup></b>



Mynd 2-1 Svæði breytingar, íþróttasvæði Íþ-404 á þéttbýlisupprætti Sauðárkróks í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035.

### 2.2 Deiliskipulag í gildi

Á íþróttasvæði Íþ-404 er í gildi *Deiliskipulag Flæðigerðis*, samþykkt 25. maí 2022.

<sup>1</sup> Í greinargerð er villa, samtals stærð(ha) er 107 en ekki 124,7. Leyfilegt byggingarmagn á að vera 20.700 m<sup>2</sup> í stað 10.700 m<sup>2</sup>.



### 3

## Breyting á aðalskipulagi

Breytingin er felur í sér að leyfilegt byggingarmagn á svæðinu er aukið. Að öðru leyti er stefna um landnotkun á íþróttasvæðinu, stærð þess og afmörkun á þéttbýlisupprætti óbreytt.

Breytingin er sett fram með breytingu á greinargerð Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035, nánar tiltekið töflu 4.11 Íþróttasvæði á Sauðárkróki í kafla 4.11.3 Íþróttasvæði.

### Gildandi aðalskipulag – stefna um íþróttasvæði

#### 4.11.3 Íþróttasvæði (Íþ)

Íþróttasvæði eru fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Á Sauðárkróki er fjölbreytt aðstaða til íþróttaiökunar og þar er mikið íþrótta- og tómstundastarf eins og annars staðar í sveitarfélagini. Það er sundlaug, íþróttahús og íþróttaleikvangur til alhliða íþróttaiökunar (Íþ-401). Gert er ráð fyrir að á íþróttasvæðunum á Sauðárkróki geti byggist upp góð aðstaða fyrir fjölbreyttar íþróttir t.d. brettabraut.

Stórt hesthúsasvæði er á Flæðunum og þar er reiðhöll (Íþ-404). Golfvöllur er á Nöfunum (Íþ-402). Í skipulaginu er golfvöllur stækkaður og jafnframt er hesthúsasvæði stækkað til vesturs.

Gert er ráð fyrir nýju akstursíþróttasvæði fyrir vélhjól á fyrrum efnistökusvæði ofan við Gönguskarósá (Íþ-404). Heimildir eru fyrir uppbyggingu mannvirkja í tengslum við starfsemina.

Tafla 4.11 Íþróttasvæði á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m <sup>2</sup> )	Leyfilegt (m <sup>2</sup> )
Íþ-401	Íþróttasvæði Sauðárkróks, Skagfirðingabraut	4,8	n.a.	10.000
Íþ-402	Golfvöllur að Hlíðarenda	64	150	500
Íþ-403	Motocross-svæði	4,8	0	200
Íþ-404	Hesthús, reiðskemma, samkomuhús og skeiðvöllur á Flæðum við Tjarnartjörn	33,4	6.030	10.500
<b>Samtals</b>		<b>107</b>	<b>6.180</b>	<b>20.700</b>

### Skipulagsákvæði fyrir íþróttasvæði

- Við deiliskipulagsgerð á svæði golfvallarins að Hlíðarenda skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands. Á svæðinu eru skráðar fornminjar, gamla bæjarstæði Hlíðarenda, Hæringsbúðir og líklegt að minjar liggi undir sverði víða á svæðinu.

### Breyting

Efnislegar breytingar á stefnu um íþróttasvæði felast í að leyfilegt byggingarmagn á íþróttasvæði Íþ-404 er aukið og auk þess er bætt við skipulagsákvæði um að við deiliskipulagsgerð á svæði Íþ-404 skuli tekið mið af náttúrvá af völdum flóða.

Á hluta svæðis Íþ-404 er votlendi sem þarf að gæta að raskist ekki við framkvæmdir. Í deiliskipulagi þarf að taka tillit til votlendis og gera grein fyrir áhrifum framkvæmda á votlendi og fuglalíf en íþróttasvæðið er inn mikilvægs fuglasvæðis kringum Miklavatn og Héraðsvötn að Varmahlíð – friðland Miklavatns.



Þá er leiðrétt er tilvísun í akstursíþróttasvæði í texta, auðkenni svæðisins sem er Íþ-403. Eftir breytingu er kafli 4.11.3 svohljóðandi:

#### 4.11.3 Íþróttasvæði (Íþ)

Íþróttasvæði eru fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Á Sauðárkróki er fjölbreytt aðstaða til íþróttaiðkunar og þar er mikið íþrótta- og tómstundastarf eins og annars staðar í sveitarfélagini. Það er sundlaug, íþróttahús og íþróttaleikvangur til alhliða íþróttaiðkunar (Íþ-401). Gert er ráð fyrir að á íþróttasvæðunum á Sauðárkróki geti byggist upp góð aðstaða fyrir fjölbreyttar íþróttir t.d. brettabraut.

Stórt hesthúsavæði er á Flæðunum og þar er reiðhöll (Íþ-404). Golfvöllur er á Nöfunum (Íþ-402). Í skipulaginu er golfvöllur stækkaður og jafnframt er hesthúsavæði stækkað til vesturs.

Gert er ráð fyrir nýju akstursíþróttasvæði fyrir vélhjól á fyrrum efnistökusvæði ofan við Gönguskarðsá (Íþ-403). Heimildir eru fyrir uppbyggingu mannvirkja í tengslum við starfsemina.

Tafla 4.11 Íþróttasvæði á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m <sup>2</sup> )	Leyfilegt (m <sup>2</sup> )
Íþ-401	Íþróttasvæði Sauðárkróks, Skagfirðingabraut	4,8	n.a.	10.000
Íþ-402	Golfvöllur að Hlíðarenda	64	150	500
Íþ-403	Motocross-svæði	4,8	0	200
Íþ-404	Hesthús, reiðskemma, samkomuhús og skeiðvöllur á Flæðum við Tjarnartjörn	33,4	6.030	25.500
Samtals		107	6.180	36.200

#### Skipulagsákvæði fyrir íþróttasvæði

- Við deiliskipulagsgerð á svæði golfvallarins að Hlíðarenda skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands. Á svæðinu eru skráðar fornminjar, gamla bæjarstæði Hlíðarenda, Hæringsbúðir og líklegt að minjar liggi undir sverði víða á svæðinu.
- Flæðar eru lágsvæði og þar er bekkt hætta völdum árflóða og vegna hækkandi sjávarstöðu einnig af völdum sjávarflóða. Við deiliskipulagsgerð á svæði Íþ-404 þarf að taka mið af flóðahættumati, gera grein fyrir landhæð og setja viðeigandi skipulagsskilmála um gólfhæðir og aðrar aðgerðir sem draga úr áhættu, sbr. einnig kafla 26.2 Náttúruvá.<sup>1</sup>
- Á hluta svæðis Íþ-404 er votlendi sem þarf að gæta að raskist ekki við framkvæmdir. Í deiliskipulagi þarf að taka tillit til votlendis og gera grein fyrir áhrifum framkvæmda á votlendi og búsvæði fugla.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Bent er á leiðbeiningar Vegagerðarinnar: Sigurður Sigurðarson, 2018. Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð - Útgáfa A. Vegagerðin.

<sup>2</sup> Bætt við tillögu með hliðsjón af umsögn Umhverfisstofnunar dags. 14. júlí 2023.



## 4 Umhverfismat

### 4.1 Matsskylda

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslög nr. 123/2010.

Umhverfismat tillögu að breytingu aðalskipulagsins tekur mið af nákvæmni og efnistökum aðalskipulags.

### 4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Horft er til megin markmiða Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035. Einnig er höfð hliðsjón af deiliskipulagi svæðisins.

### 4.3 Nálgun og áherslur matsvinnu

Við umhverfismatið er áhersla lögð á að meta áhrif breytingartillögu að því leyti sem hún víkur frá gildandi aðalskipulagsstefnu.

Helstu áhrifapættir breytingartillögu á umhverfið felast í auknu byggingarmagni á íþróttasvæðinu og því meiri nýtingu innan svæðis til húsbýgginga og mannvirkjagerðar. Umhverfispættir sem teknir eru til mats eru náttúrufar, landslag/ásýnd, félagslegt umhverfi og heilsa og öryggi. Til hliðsjónar verður umhverfisskýrsla Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035. Við mat á áhrifum markmiða og stefnumiða á tiltekna umhverfispætti er stuðst við matssprungar og viðmið, sjá töflu 6.1.

Tafla 4.1 Yfirlit yfir umhverfispætti og helstu áhrifapætti.

Umhverfispáttur	Undirþáttur	Matssprungar Hefur áætlun áhrif á:	Viðmið
Náttúrufar <sup>3</sup>	Votlandi Fuglalíf	Votlendi og mikilvæg fuglasvæði?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. a. lið 1. mgr. 61. gr. og 54. gr. Friðlýst Miklavatns. Deiliskipulag Flæðigerðis, 25.5.2022 og tillaga að breytingu deiliskipulags auglýst 7.6.2023
Landslag	Landslag/ásýnd	Ásýnd byggðar? Náttúrulegt landslag?	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, markmið um gæði byggðar. Deiliskipulag Flæðigerðis, 25.5.2022.
Samfélag	Félagslegt umhverfi	Afpreyingu? Lífgeði?	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, markmið um samfélagsþjónustu. Heimsmarkmið SP, sbr. markmið 4 um menntun fyrir alla.
Heilsa- og öryggi	Heilsa	Aðstöðu til heilsubætandi lifsmáta, hreyfingu, útvist?	Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða Heimsmarkmið SP, sbr. markmið 3 heilsa og vellíðan.
	Öryggi	Náttúrvá m.t.t. flóðahættu, sjávarstöðu og jarðskjálfta?	Reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. <i>Sauðárkrókur - Sjávarflóð- Mat á sjóvörnum og hættu á sjávarflóðum.</i> Vegagerðin. 2020 <i>Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð.</i> Vegagerðin 2018. Skýrsla vísindaneftnar um loftlagsbreytingar

<sup>3</sup> Umhverfispætti bætt við eftir auglýsingu sbr. umsögn Umhverfisstofnunar dags. 14. júlí 2023



#### 4.3.1 *Einkenni og vægi áhrifa*

Í samræmi við niðurstöður matssprunga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa er eftirfarandi:

Mjög neikvæð (-)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Ef áhrif á umhverfispátt eru metin mjög neikvæð er brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

#### 4.3.2 *Valkostir*

Umhverfismatið skoðar áhrif breytingartillögu og til samanburðar áhrif framfylgdar óbreyttrar stefnu aðalskipulags.

#### 4.4 *Umhverfisáhrif - niðurstöður*

Niðurstöður fyrir umhverfispætti og samanburður áhrifa breytingartillögu og gildandi aðalskipulags, þ.e. núllkosts.



Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035	Breytingartillaga – Íþ-404 aukið leyfilegt byggingarmagn Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035
Náttúrufar		
Votlendi Fuglalíf <sup>4</sup>	Svæði Íþ-404 nær yfir hluta svæðis sem telst mikilvægt fuglasvæði og nær yfir friðland Miklavatns og láglendi Skagafjarðar suður að Varmahlíð. Í gildandi stefnu um Íþ-404 eru ekki sérstök ákvæði um verndun tjarnar og votlendis inn marka þess. Gildandi aðalskipulag tryggir því ekki verndun tjarnar og votlendi innan marka Íþ-404.	Breytingartillagan setur ný ákvæði um að við deiliskipulagsgerð á Íþ-404 verði þess gætt að því að raska ekki votlendi og gerð grein fyrir áhrifum uppbyggingar á votlendi. Áhrif uppbyggingar innan Íþ-404 er ekki talin skerða votlendi og þar með búsvæði fugla. Áhrif breytingartillögu eru því talin óveruleg á votlendi og fuglalíf. Breytingin er ekki talin hafa áhrif á friðland Miklavatns. Ákvæðum aðalskipulags um vernd votlendis er framfylgt í gildandi deiliskipulagi þar sem tjörn og votlendi vestan hennar er án byggingarlóða og framkvæmda. Áhrif deiliskipulags á vistkerfi og fuglalíf eru metin óveruleg. Breytingartillaga deiliskipulags auglýst 7.6.2023 stækkar ekki uppbyggingarsvæði frá því sem gildandi deliskipulag gerir ráð fyrir.
Landslag		
Landslag/ásynd	Á íþróttasvæðinu Íþ-404 er gert ráð fyrir uppbyggingu hesthúsahverfis. Þar eru þegar hesthús og skeiðvöllur. Aukin uppbygging er líklega til að skyggja meira á sjónlinum fram fjörðinn. Neikvæðu áhrifn eru þó ekki talin mikil eða breyta einkennum svæðisins verulega.	Breytingin felur í sér meiri uppbyggingu á svæðinu með auknum sjónrænum áhrifum. Breytingar eru þó ekki talin breyta verulega einkennum svæðisins miðað við gildandi stefnu um hesthúsahverfi.
Samfélag		
Félagslegt umhverfi	Uppbygging aðstöðu fyrir hestamennsku og hestaíþróttir á Íþ-404 er jákvæð fyrir samfélagið, skapar aukin tækifaði til afþreyingar og atvinnutækifæri tengd hestamennsku og ferðapjónustu.	Breytingin styrkir uppbyggingu Íþ-404 og stýrður við jákvæð áhrif þess á félagslíf, afþreyingu og atvinnupróun.
Heilsa- og öryggi		
Heilsa	Íþ-404 bætir aðstöðu heilsueflandi lífsmáta og útvistar.	Breytingin styrkir íþróttasvæðið með þeim jákvæðu áhrifum sem það hefur á heilsueflandi lífsmáta og útvist.
Öryggi	Íþróttasvæði Íþ-404 er svæði sem stafar hætta af flóðum úr Héraðsvötnum og vegna hækkandi sjávarstöðu. Uppbyggingu á svæðinu fylgir því nokkur áhætta.	Aukin uppbygging og mannvirkjagerð á svæðinu eykur hætta á tjóni af völdum flóða. Áhrif breytingar eru því talin neikvæð. Í breytingu eru sett ákvæði um aðgerðir til að að taka skuli mið af hættumati við deiliskipulagsgerð.

## 5 Kynning og samráð

### 5.1 Samráð

Samráð og kynningar fyrir almenning, íbúa og helstu umsagnaraðila voru í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, sbr. verkferli í kafla 5.3.

<sup>4</sup> Umhverfisþætti bætt við eftir auglýsingu tillögu sbr. umsögn Umhverfisstofnunar dags. 14. júlí 2023.



Öll skipulagsgögn, þ.e. (1) lýsing skipulagsverkefnis, (2) tillaga á vinnslustigi og drög að umhverfisskýrslu, (3) tillaga að aðalskipulagsbreytingu og umhverfisskýrsla voru aðgengileg á heimasiðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar [skagafjordur.is](http://skagafjordur.is)

## 5.2 Umsagnaraðilar

Eftirtaldir umsagnaraðilar fengu breytingartillögu ásamt umhverfisskýrslu til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Skagafjarðarveitur
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin

## 5.3 Verkferli

Skipulagsferlið skiptist í megin verkþætti, sem eru:

1. Lýsing skipulagsverkefnis var í kynningu til 8. mars 2023
2. Breytingartillaga á vinnslustigi, kynning og yfirferð Skipulagsstofnunar: Mars 2023
3. Breytingartillaga til auglýsingar: Júní-júlí 2023
4. Samþykkt aðalskipulagsbreyting staðfest af Skipulagsstofnun og gildistaka: Ágúst/september 2023

## 5.4 Breytingar eftir auglýsingu

Brugðist var við ábendingum Umhverfisstofnunar sbr. umsögn um auglýsta breytingartillögu dags. 14. júlí 2023.

Bætt við breytingartillögu skipulagsákvæði um að við deiliskipulagsgerð innan Íþ-404 skuli tekið tillit til votlendis og búsvæða fugla.

Í umhverfismati tillögu, kafla 4.4. var bætt við mati á áhrifum breytingar á votlendi og fuglalíf.



## Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn

Þann 31.07. 2023

Jóunn Kolbrún Þórisdóttir



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

Þann 7. september 2023

[Signature]

